

**3468. fundur bæjarráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,  
16. september 2021 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Kristinn Hallur Sveinsson varamaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2108227 - Haustþing SSV 2021**

Fundarboð á haustþing SSV sem fer fram í Árbliki í Dalabyggð miðvikudaginn 29. september næstkomandi.

*Lagt fram.*

*Fulltrúar Akraneskaupstaðar á þinginu verða Elsa Lára Arnardóttir, Ragnar B. Sæmundsson, Bára Daðadóttir, Rakel Óskarsdóttir og Ólafur G. Adolfsson en auka þeirra sækir Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri þingið.*

**2. 2102302 - Fjárhagsáætlun 2021 - viðaukar**

Viðauki 30 - sameiginlegur viðauki.

Kristjana Helga Ólafsdóttir situr fundinn undir þessum lið sem og undir dagskrárlíð nr. 3.

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 30, samtals að fjárhæð kr. 6.989.000, sem mætt verður með lækkun á handbæru fé. Nánari sundurliðun viðaukans er samkvæmt meðfylgjandi fylgiskjali.*

*Bæjarráð vísar viðaukanum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.*

*Samþykkt 3:0*

**3. 2106179 - Fjárhagsáætlun 2022 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023-2025**

Forsendur fjárhagsáætlunar 2022, fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun, erindi KFÍA og önnur mál tengd fjárhagsáætlunavinnunni.

*Lagt fram.*

*Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunarinnar verður á næsta fundi bæjarráðs þann 14. október næstkomandi.*

*Kristjana Helga Ólafsdóttir vikur af fundi.*

**4. 2108085 - Alþingiskosningar 2021**

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 14. september síðastliðinn tillögu um gerð og frágang kjörskrár ásamt afgreiðslu launagreiðslna til kjörstjórna og annarra starfsmanna.

*Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu um laun kjörstjórna og annarra starfsmanna sem koma að framkvæmd kosninganna.*

*Samþykkt 3:0*

**5. 2109021 - Lækjarflói 11 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn um byggingarlóðina Lækjarflói 11.

Umsóknargjald hefur verið greitt og umsækjandi fengið gögn varðandi vistvæna iðngarða.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til umsækjanda og felur sviðsstjórum stjórnarsýslu- og fjármálasviðs og skipulags- og umhverfissviðs frekari úrvinnslu málsins.*

*Samþykkt 3:0*

**6. 2108149 - Langtímaveikindi starfsmanna 2021 (veikindapottur)**

Umsóknir í veikindapott Akraneskaupstaðar fyrir tímabilið janúar til og með júní 2021.

ELA vikur af fundi undir þessum lið og RBS situr fundinn í hennar stað.

Harpa Hallsdóttir mannauðsstjóri situr fundinn undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun fjármuna vegna kostnaðar stofnana Akraneskaupstaðar við afleysingar vegna veikindaforfalla starfsmanna á árinu 2021. Úthlutunin er vegna tímabilsins 1. janúar til og með 30. júní og nemur samtals kr. 42.640.000 sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.*

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 31 að fjárhæð kr. 42.640.000. Ráðstöfuninni verður mætt af liðnum 20830-1691 að sömu fjárhæð og inn á lykil 1691 á hverri stofnun fyrir sig samkvæmt skiptingu í gögnum um veikindapott.*

*Samþykkt 2:0, RÓ situr hjá við afgreiðslu málsins.*

*Harpa Hallsdóttir vikur af fundi.*

**7. 2101238 - Sementsreitir - uppbygging**

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarráð að fyrirliggjandi drög á útboði á byggingarétti á reitum C1-C2 og D1-D4 á Sementsreit verði samþykkt. RBS situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi drög á útboði á byggingarrétti á reitum C1-C2 og D1-D4 á Sementsreit.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins m.t.t. auglýsingar o.fl.*

*Samþykkt 3:0*

*ELA tekur sæti á fundinum á ný og RBS vikur af fundi.*

**8. 2106089 - Fjöliðjan uppbygging á húsnæði - starfshópur**

Starfshópur um uppbyggingu Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstað hélt sinn þriðja fund 18. ágúst síðastliðinn. Á fundinum var farið yfir stöðuna á uppbyggingunni og hvar hönnunarvinna arkitekta stendur með Sverri Hermanni Pálmarssyni frá SHP consulting ehf.

Starfshópurinn hafði óskað eftir því að loknum sínum fyrsta fundi í júní

síðastliðnum, frest til bæjarráðs til 2. september 2021 til að leggja fram tillögu á endanlegri útfærslu á uppbyggingu Fjöliðjunnar með samnýtingu á eldra húsnæðið á sameiginlegum fundi bæjarráðs, skipulags- og umhverfiráðs og velferðar- og mannréttindaráðs. Bæjarráð veitti umbeðinn frest.

Í ljósi þess að enn er nokkuð í land þar til hægt verður að leggja fram tillögu á endanlegri útfærslu á uppbyggingu Fjöliðjunnar óskar starfshópurinn eftir fresti til 30. október næstkomandi til að leggja þær tillögur fram.

*Bæjarráð samþykkir að veita umbeðinn frest til 30. október næstkomandi en leggur áherslu á að vinnunni verði hraðað eins og kostur er.*

*Samþykkt 3:0*

*Bókun RÓ:*

*Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins kallar eftir því að starfshópur um uppbyggingu Fjöliðjunnar starfi eftir reglum um stofnun starfshópa Akraneskaupstaðar. Þar er kveðið á um að fundargerðir skulu lagðar fram til kynningar í viðeigandi fagráði hverju sinni. Nú hefur starfshópurinn átt fjóra fundi og engar fundagerðir lagað fram til upplýsinga fyrir kjörna fulltrúa.*

*Rakel Óskarsdóttir (sign)*

**9. 2108109 - Þjónustupörf árið 2021 - 2022 - viðbóta stuðningstímar**

Beiðni frá Leikskólanum Akraseli um viðbótarstuðning vegna barns.

Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundinn undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að veita viðbótarfjármagni samtals að fjárhæð kr. 2.137.000 Leikskólans Akrasels til að mæta auknum launakostnaði vegna þjónustuparfa barns sem er að hefja laikskólagöngu nú að hausti. Fjármagnið er fært á deild 04110-1691 og er mætt með lækkun á handbæru fé.*

*Bæjarráð samþykkir viðauka 31 vegna þessa sem færast á deild 04110-1691, er mætt með lækkun á handbæru fé og vísað til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.*

*Samþykkt 3:0*

**10. 2109138 - Samgöngu- og innviðaaætlun Vesturlands, endurskoðuð áætlun 2021**

Drög að samgönguáætlun 2021.

*Lagt fram.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að koma á framfæri áherslum er varða tvöföldun Hvalfjarðarganga (samgöngur og aukin vatnspörf á svæðinu) og ferjusiglingar á milli Akraness og höfuðborgarsvæðisins.*

**11. 2109125 - Fjárhagsáætlun Höfða - viðauki 1**

Viðauki við fjárhagsáætlun Höfða hjúkrunar- og dvalarheimili.

*Lagt fram.*

**12. 2106032 - Úthlutun lóða (Skógarhverfi áfangi 3A)**

Byggingarlóðirnar Skógarlundur nr. 2, Skógarlundur nr. 3, Skógarlundur nr. 5 og

Skógarlundur nr. 7 voru auglýstar lausar til umsóknar og umsóknarfrestur var frá kl. 12:45 þann 31. ágúst til 12:45 þann 1. september síðastliðinn.

*RÓ viku af fundir undir þessum lið og ÓA tekur sæti á fundinum.*

*Heildarfjöldi umsókna var sautján, tvær í Skógarlund nr. 2, þrjár í Skógarlund nr. 3, sjö í Skógarlund nr. 5 og fimm í Skógarlund nr. 7. Miðað er við regluna um að fyrstur kemur fyrstur fær að uppfylltum öðru skilyrðum.*

*1. Skógarlundur nr. 2*

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til Arnars Úlfars Andréssonar.*

*Samþykkt 3:0*

*2. Skógarlundur 3*

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til Daisy Heimisdóttur.*

*Samþykkt 3:0*

*Skógarlundur nr. 5*

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til Heimis Björgvinssonar.*

*Samþykkt 3:0*

*Skógarlundur nr. 7*

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til Ragnhildar I.*

*Aðalsteinsdóttur.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð áréttar að samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um úthlutun lóða hefur einstaklingur/lögaðili átta mánuði frá úthlutun lóðar til að fá útgefið bygggingarleyfi en gangi það ekki eftir og lóð er skilað eða úthlutun afturkölluð, fer viðkomandi lóð á lóðavef Akraneskaupstaðar //300akranes.is.*

*Samþykkt 3:0*

### **13. 2109153 - Skátaskálinn í Skorradal - leigusamningur um land**

Leigusamningur um landið sem Skátaskálinn stendur á rennur út 2024. Unnið hefur verið að samningum við ríki um framlengingu leigusamnings og drög um útfærslu liggja fyrir.

*Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að formgera samningsdögin og leggja fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til endanlegrar samþykktar.*

*Samþykkt 3:0*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:05.**